

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 22.01.2024

Verkefnaráð	1
Gagnaverkefni framtíðar.....	2
Gagnalandslag FAS og MOS.....	4
Ábatamat stafrænna verkefna	6
Önnur mál	8
Hverfasjá.....	8
Vala vinnuskóli.....	8
Þarfagreining fyrir nýtt menningarhús.....	9

Verkefnaráðsfundur 22.01.2024

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 22.01.2024
Dagsetning 22.1.2024	Staðsetning Borgartún 12-14.
Mættir: Arna Ýr Sævarsdóttir, Ásta Þöll Gylfadóttir, Bára O'Brien Ragnhildardóttir, Eva Björk Björnsdóttir, Ólafur Óskar Egilsson, Þröstur Sigurðsson, Óskar Sandholt, Inga Rós Gunnarsdóttir, Erna Kristjánsdóttir og Búi Bjarmar Aðalsteinsson	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Bára O'Brien Ragnhildardóttir/ Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Mánudaginn, 22. janúar 2024, kl. 10:00 – 11:30 – 6.hæð vestur, Presthús, Borgartún 12-14

10:00 -10:05 Samstilling
10:05–10:30 Gagnaverkefni framtíðar - Inga Rós
10:30–10:35 Umræður
10:35–10:45 Gagnalandslag FAS og MOS – Erna Kristjáns, Inga Rós og Birgir
10:45–10:50 Umræður
10:50–11:05 Kynning á verklagi við ábatamat – Búi
11:00–11:05 Umræður
11:05–11:25 Önnur mál - Hverfasjá, Vinnuskóli Vala, Menningarhús
11:25–11:30 Niðurlag og samantekt fundar
11:30–Fundu slitið

Gagnaverkefni framtíðar

Fjármagna þarf aukin verkefni gagnþjónustunnar árið 2024 að fullu en mikil áhersla verður á gagnamál á árinu.

Búið er að gera:

- Áskorunarramma
- Tímalínu og forgangsröðun allra verkefna fyrir teymi skrifstofunnar sem eru þrjú:
 - DataOps
 - DataShare
 - DataSci
- Byggja upp samstillt teymi sem vinnur í sprettum

Með verkefninu á m.a að:

- Tryggja framgang verkefna gagnþjónustunnar.

- Önnur verkefni innan Þjónustu- og nýsköpunarsviðs og annarra sviða eru háð því að grunninnviðir og verkefni gagnaþjónustunnar verði framkvæmd.

Ávinningur/ábatí:

- Samkvæmt öllum könnunum og rannsóknum kosta slæm gögn fyrirtæki og stofnanir gríðarlega fjármuni á ári hverju.
- Slæm gögn geta leitt til vonsvikinna viðskiptavina, slæmra ákvarðana, skaðaðs orðspors, tapaðrar framleiðni og glataðra tækifæra.
- Kostnaðurinn við að leiðrétta villu sem slæm gögn hafa leitt af sér kostar að jafnaði 100x meira en að koma í veg fyrir gagnavandamál í upphafi eða mjög framarlega í ferlinu þar sem gögnin verða til.
- Ábati verkefnisins felst í:
 - Réttum gögnum
 - Betra aðgengi og hagnýtingu gagna
 - Betri svörum og betri ákvörðunum
 - Minni sóun og auknum tækifærum
 - Notendamiðaðri nálgun

Á fundinum var einnig farið yfir dæmi um ábata úr gagnaverkefnum sem hafa verið unnin. Dæmi sem voru nefnd: Skólaþjónustan, líkan fyrir móttöku flóttafólks og nýtt sorphirðudagatal.

Áframhaldandi verkefni: Gagnalandslag SFS og VEL, útgáfa á og innleiðing Business Glossary, áframhaldandi vinna við aðgengileg gröf, útgáfa nýs sorphirðudagatals, mælaborð fyrir ráðningarnefnd borgarinnar, tunnutalning, mælaborðið Stjórnandinn; aðgangsstýringar og innleiðing, viðbætur og endurbætur á Gagnahlaðborði, viðbætur og endurbætur á Gagnagátt.

Ný verkefni: Upplýsingasíða og kjörstaðaleit á korti fyrir kosningar 2024, ný framsetning á opnum fjármálum borgarinnar, innleiðing og dreifing nýrrar þjóðskrár, húsnæðisuppygging á korti, spálíkön, nýtt vöruhús gagna, data APIs fyrir öll svið, útleiðing á QlikSense, gagnalandslag FAS, stafrænt mælaborð leikskóla, millilag fyrir allar kortalausnir Reykjavíkurborgar, gögn úr Hlöðunni og Exmon innleiðing.

Áætlaður kostnaður: 285,6 m.kr

Tímarammi: 12 mánuðir

Óskað er eftir: Fjármögnun uppá 285,6 m.kr.

- Verkefnastjóri, textahönnuður, vöruhönnuður
- Data architect, framendaforritari, bakendaforritari, DevOps sérfræðingur

Tegund verkefnis: Gagnaverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 8.02.2024: 5 5 1 5 5 3 3,53

Niðurstaða

Samþykkt.

Lítur vel út, er að samræmast við annað hjá okkur. Þetta er straumlínulagað. Frekar ný eining og mikið búið að gerast hjá þeim, kominn góður taktur í teymið/skrifstofuna. Mjög flott kynning og mikill þroski í gagnþjónustunni. Mjög flott að sjá ábatann af verkefnum, sparnaður er þvert, í þjónustuverinu, út á „vettvangi“ og fleira.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt.
2	Verkefni fer til gagnþjónustu sem óskar eftir aðilum (verkefnastjóra, vöruhönnuði, o.s.frv.) í verkefni þegar við á, og í tæka tíð.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir skrifstofustjóra gagnþjónustu um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/BOB	x
2	Heimildarbeiðni fyrir borgarráð	IRG	

Aftur í efnisyfirlit

Gagnalandslag FAS og MOS

Um er að ræða eitt af sérverknum gagnþjónustunnar. Fjárhagsleg gögn eru undirstaða ákvarðana á öllum sviðum Reykjavíkurborgar.

Gagnainnviðir fjárhagsgagna hjá fjármála- og áhættustýringarsviði (FAS) og mannauðs- og starfsumhverfisvið (MOS) eru brothættir og óaðgengilegir sem skapar áhættu í rekstri borgarinnar. Ef ekkert er gert dregst borgin aftur úr og verður af þeim tækifærum sem gefast til að fá gögnin til að vinna fyrir borgina með auknu gegnsæi upplýsinga, forvirkni greininga og sjálfvirkni.

Gagnadrifnar ákvarðanir byggðar á traustum og áreiðanlegum gögnum skapa hagræði á fjármagni og skattfé borgarbúa.

Búið er að gera:

- Vinnuhópur hefur unnið að efni í áskoranir og ávinning í Áskorunarramma.
- Nokkrir vinnufundir hafa verið haldnir með hagaðilum.
- Gróf kostnaðaráætlun hefur verið sett fram.

- Vinna við Gagnalandslag SFS og VEL mun nýtast að miklu leyti í þessa vinnu og sjáum við hagræði í að draga þessa vinnu þar beint inn.

Með verkefninu á m.a að:

- Uppbygging gagnalandslags og þarfagreining á notkun fjárhagsgagna.
- Grunnur smíðaður fyrir gagnvirk mælaborð og forvirk spálíkön.
- Notendavæn miðlun gagna.

Ávinningur/ábat:

Lausnin sem um ræðir snýr að því að fjárhagsgögn Reykjavíkurborgar verðir örugg, áreiðanleg og aðgengileg í vöruhúsi gagna.

- Ábati verkefnis er víðtækur og hefur langtíma áhrif á það virði sem mögulegt er að skapa úr gögnum til framtíðar.
- Með betri forsendur í stefnumótun og ákvarðanatökum er hægt að áætla og nýta fjármagn í þá þjónustu sem þörf er á hverju sinni sem er til mikilla hagsbóta fyrir borgarbúa. Skilvirkni og sjálfvirkni í gagnavinnslu leiðir einnig til þess að hægt verður að nýta starfsfólk í verðmætari störf í stað síendurtekinnar handavinnu.

Tímarammi: 9 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 137,5 m.kr.

Óskað er eftir:

- Samþykki á fjármagni frá þjónustu- og nýsköpunarsviði fyrir uppbyggingu gagnalandslags fjárhagsgagna Reykjavíkurborgar.
- Fjármögnun uppá 137,5 mkr. sem mun fara í:
 - Sérfræðinga í gagnahögun við hönnun og smíði gagnapípa og tenginga við grunnkerfi.
 - Verkefnastjóra sem leiðir þarfagreiningu sviðanna.
 - Vinna frá Gagnaþjónustu ÞON og annarra sérfræðinga.
 - Framlag frá starfsmönnum FAS vegna fjárhagskerfa og MOS vegna mannauðs- og launa kerfa.

Tegund verkefnis:

Gagnaverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 8.02.2024: 5 5 1 5 5 3 3,53

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt. Nauðsynlegt verkefni.

Næsta skref er heimildarbeiðni. Rökrétt röð aðgerða er að forgangsraða verkefnum á skrifstofu gagnaþjónustunnar.

Gera ábatamat, þ.e áætla sparnað í verkefninu, eins og handavinna sem á sér stað á FAS, niður á vikur, mánuði ár.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt
2	Gera ábatamat

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir skrifstofustjóra gagnþjónustu um niðurstöðu	EBB/BOB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu	EBB/BOB	x
3	Stafrænn leiðtogi FAS leiðir vinnu við gerð ábatamats	EK	
4	Forgangsráða verkefnum hjá gagnþjónustu	IRG	

Aftur í efnisyfirlit

Ábatamat stafrænna verkefna

Verkefninu er ætlað að ná utan um þann ábata sem hefur raungerst með stafrænni umbreytingu þjónustu- og nýsköpunarsviðs með hlutlægum hætti.

Markmið verkefnisins er að fara yfir öll verkefni sem hafa verið unnin og meta ábata þeirra út frá völdum mælikvörðum.

Eins er lagt til að verklagi nýrra verkefna verði breytt þannig að tekið verði tillit til mælikvarðana við upphaf verkefnis.

Ábatamatið er hlutlægt og byggir á eftirfarandi sex þáttum:

1. Dregur úr akstri
2. Sparar tíma starfsfólks
3. Sparar tíma borgarbúa
4. Fækkar kærnum
5. Kostar minna
6. Tekjuskapandi

Búið er að gera:

- Móta mælikvarða.
- Kynna mælikvarða fyrir hagaðilum.
- Taka saman lista um verkefni sem verða metin.
- Ljóst hvaða upplýsingar þarf að sækja.

Ávinningur/ábati:

- Staðfesting á ábata verkefna

- Yfirlit yfir framgang sviðsins
- Nýtist við upplýsingagjöf um vegferð og staðfestir mikilvægi frekari umbóta.

Markmið

- Útbúa tól til að meta framlag einstakra verkefna til heildarábata stafrænnar vegferðar.

Tímarammi: 3,5 mánuðir auk undirbúnings og kynninga á niðurstöðum.

Áætlaður kostnaður 2,4 m.kr.

Óskað er eftir:

- Fjármagn til vinnslu verkefnis hjá stafrænum leiðtoga.
- Stuðningur hönnunarteymis við kynningu og uppsetningu.
- Töluverð vinna verkefnastjóra - safna upplýsingum.
- Mögulega fjármagn aðkeypt vinna.
- Staðfesting á verkefni.

Tegund verkefnis: Umbreytingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 8.02.2024: 4 3 1 2 5 2 2,53

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt, mikill áhugi fyrir þessu og mikilvægt að fara í þetta verkefni. Tillaga að breyta orðalagi: þetta er tól til að meta framlag einstakra verkefna til heildarábata stafrænnar vegferðar.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga PON um niðurstöðu og deildarstjóra umbreytingarteymis	EBB/BOB	x
2			

Aftur í efnisyfirlit

Önnur mál

Hverfasjá

Á verkefnaráðsfundi 23.11 s.l var óskað eftir sundurliðaðri kostnaðaráætlun fyrir Hverfasjá fasi 2. Bárust tvær kostnaðaráætlanir þann 12.12 og skiptist svo:

- Hverfasjá: 40,5 m.kr
- Millilag – LUKR í vöruhús gagna: 25,2 m.kr

Engar athugasemdir frá verkefnaráði.

Vala vinnuskóli

Tölvupóstur sendur á verkefnaráð þann 5.01.2024:

Í stuttu máli er USK að óska eftir:

Fjárheimild fyrir innleiðingu á Völu vinnustund – 1.237.500 kr (tilboð frá Advania) ásamt verkefnastjóra í ca 20-30% starf í 3 mánuði

Kostnaður samtals ca 2,65 m.kr.

Ástæða þess að þetta fellur ekki inní Völu útboðs verkefnið núna er vegna þess að það þarf að hafa hraðar hendur og klára þetta fyrir apríl/maí, þá hefst skráning í vinnuskólann, þessi angi gæti kallast „Vala lite“ og unnið samhliða Völu útboðsverkefninu

Óskað er eftir afstöðu verkefnaráðs sem allra fyrst þar sem næsti fundur er ekki fyrr en 22.janúar.

Verkefnaráðsmeðlimir hafa samþykkt ofangreint og næstu skref eru úthlutun verkefnastjóra í verkefnið.

Athugasemd kom frá deildarstjóra verkefnastofu sem þarf að taka tillit til, en væntalega er það eitthvað sem þarf að skoða í þessari vinnu. Efni til í tölvupósti og eins á gagnasvæði verkefnisins.

Væntingastýring mikilvæg þar sem ekki eru líkur á að þetta verði tilbúið í tæka tíð.

Umræður: Mannauðsskrifstofa USKsér um þetta í dag, eru meðvituð og sátt við að ekki verði búið að samtengja við launakerfi.

Halda utanvið SAP-ið núna þar sem það er á útleið, en verði partur af nýju launakerfi síðar.

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 8.02.2024: 5 4 1 4 5 3 3,20

Þarfagreining fyrir nýtt menningarhús

Erindisbréf frá Borgarráði var tekið fyrir. Um er að ræða forgangsverkefni með Umhverfis- og skipulagssviði.

Verkefnið þarfnast verkefnastýringar.

Skipaður hefur verið starfshópur sem hefur það hlutverk að gera þarfagreiningu fyrir menningar- og samfélagshús á vegum Reykjavíkurborgar í fyrirhugðu nýju hverfi á Ártúnshöfða.

Umræður

Verkefnið þarf að fara strax í framkvæmd. Pólitíkin leggur fram ósk um að þetta sé unnið með notendamiðaðri/verkefnamiðaðri nálgun, líkt og önnur verkefni hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Starfshópur mun vera með verkefnið, skrifstofustjóri þjónustuhönnunar verður formaður. Umhverfis- og skipulagssvið úthlutar starfsmanni frá sviðinu.

Þarfagreining í verkefninu þarf að miða út frá þjónustu sem menningarhús á að uppfylla, en ekki til dæmis plássi í fermetrum.

Skila þarf verkefninu vorið 2024.

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 8.02.2024: 3 2 1 3 5 5 2,33

Nr.	Ákvörðun
1	Vala vinnuskóli – samþykkt.
2	Þarfagreining fyrir nýtt menningarhús – skrifstofustjóri þjónustuhönnunar verður formaður starfshóps og skipar í hann.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga USK um niðurstöðu og deildarstjóra verkefnastofu – Vala vinnuskóli	EBB/BOB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir skrifstofustjóra þjónustuhönnunar um niðurstöðu verkefnaráðs – Þarfagreining fyrir menningarhús	EBB/BOB	x

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn 15. febrúar 2024